

20. september 2023



Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2024

Kynning fyrir fjárlaganefnd
Seinni hluti

Stjórnarráð Íslands
Fjármála- og efnahagsráðuneytið



Tekjur ríkissjóðs (A1-hluta)



Helstu forsendur tekjuáætlunar

Skattatölfræði

- Álagning opinberra gjalda og annarra skatta
- Innheimta skatta og annarra tekna
- Ríkisreikningur (skv. IPSAS)
- Uppgjör Hagstofu (skv. GFS)

Skattkerfið

- Ákvæði skattalaga og reglugerðir
- Ný áform um skattkerfisbreytingar
- Skattframkvæmd

Efnahagsmál

- Þjóðhagsspá Hagstofu
 - Hagvöxtur
 - Atvinna
 - Verðbólga
 - Einkaneysla
 - Launaþróun
 - o.fl.

Annað

- Ytri breytur, t.d. aflamagn, erlendir ferðamenn, o.fl.
- Hegðunarbreytur
- Teygnistuðlar
- Óreglulegir liðir
- O.fl.



Þróun tekjuáætlunar

Heildartekjur sama hlutfall VLF árið 2022 og 2024



Rekstrargrunnur, m.kr.	2022 ¹	Áætlun		% af VLF		
		Endurmat 2023	Frumvarp 2024	2022	Endurmat 2023	Frumvarp 2024
Skatttekjur	874.406	991.359	1.059.651	23,2	23,7	23,4
Skattar á tekjur og hagnað	400.070	446.400	456.600	10,6	10,7	10,1
Skattar á launagr. og vinnuafll	9.981	11.058	12.077	0,3	0,3	0,3
Eignarskattar	14.035	15.254	16.512	0,4	0,4	0,4
Skattar á vöru og þjónustu	430.222	495.998	550.229	11,4	11,8	12,1
Tollar og aðflutningsgjöld	5.982	6.477	6.778	0,2	0,2	0,1
Aðrir skattar	14.116	16.172	17.455	0,4	0,4	0,4
Tryggingagjöld	115.564	132.373	141.215	3,1	3,2	3,1
Fjárframlög	1.937	6.534	7.124	0,1	0,2	0,2
Aðrar tekjur	130.544	129.653	140.542	3,5	3,1	3,1
Eignatekjur	76.766	86.228	94.340	2,0	2,1	2,1
Vaxtatekjur	22.976	36.009	36.278	0,6	0,9	0,8
Arður og hluti af tekjum ríkisft.	44.509	39.267	45.230	1,2	0,9	1,0
Aðrar eignatekjur	9.281	10.952	12.831	0,2	0,3	0,3
Sala á vöru og þjónustu	41.315	37.094	40.318	1,1	0,9	0,9
Ýmsar tekjur	12.463	6.331	5.884	0,3	0,2	0,1
Heildartekjur ríkissjóðs	1.122.451	1.259.919	1.348.532	29,8	30,1	29,8




Tekjur ríkissjóðs aukast umfram áætlanir

Tekjur árið 2023 nú áætlaðar 112 milljörðum meiri en við gerð fjárlaga

Endurmat á tekjuáætlun 2023


Milljarðar króna





Samsetning tekna af sköttum og tryggingagjöldum 2024

Samtals áætluð 1.201 ma.kr.






Tekjuáætlun 2024

Heildartekjur ríkissjóðs er áætlaðar 1.349 ma.kr. eða 29,8% af VLF

Heildartekjur aukast um 15,4 ma.kr. frá fjármálaáætlun

Helstu breytingar á tekjuáætlun ársins 2024 (ma.kr.)





Skattabreytingar 2024

Tekjuáhrif (ma.kr.)

Lögfestar breytingar

Endurgreiðsluhlutfall VSK lækkar úr 60% í 35%	6,0
Varaflugvallargjald	1,6
Tímabundinni niðurfellingu gistináttaskatts lýkur	1,5
Samtals	9,1

Ólögfestar breytingar

Endurskoðun skattlagningar á ökutæki og eldsneyti	7,5
Gjaldtaka í ferðaþjónustu	2,7
Breytingar á verðmætagjaldi sjókvíaeldis	0,6
Hækkun krónutölugjalda um 3,5% ²	3,4
Samtals	14,2
Lögfestar og ólögfestar breytingar samtals	23,3




Skattastyrkjaáætlun 2024

Tveir þriðju hlutar eru vegna neðra þreps virðisaukaskatts

Skattastyrkir eru áætlaðir 133 ma.kr.

Skattastyrkir eftir málefnasviðum (ma.kr.)





Gjöld ríkissjóðs (A1-hluta)



Forsendur

Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2024 byggist á **stefnumörkun gildandi fjármálaáætlunar 2024-2028**, uppfærslu vegna breytinga sem leiða af þjóðhagsspá, tekjuáætlun og rekstrar-tekjuáætlunum stofnana auk ákvarðana ríkisstjórnarinnar við undirbúning frumvarpsins.



Heildarútgjöld ríkissjóðs: samsetning

Rammasett útgjöld

- Útgjaldarammar málefnasviða og málaflokka

Undanskildir liðir

- Lífeyrisskuldbindingar
- Afskriftir skattkrafna
- Tapaðar kröfur og tjónabætur
- Ríkisábyrgðir
- Framlög til Atvinnuleysistryggingasjóðs
- Framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Vaxtagjöld ríkissjóðs



Heildarfjárheimildir 2024

- breytingar frá fjárlögum ársins 2023

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2023	Frumvarp ¹ 2024	Breyting m.kr.	Breyting %
Rekstrarframlög	563.560	577.781	14.220	2,5
Rekstrartilfærslur	446.370	446.561	192	0,0
Fjármagnstilfærslur	37.598	53.208	15.610	41,5
Fjárfestingarframlag	66.596	71.792	5.196	7,8
Rammasett útgjöld	1.114.124	1.149.341	35.218	3,2
Vaxtagjöld	79.696	92.239	12.544	15,7
Aðrir liðir utan ramma ²	141.047	168.536	27.488	19,5
Heildargjöld	1.334.867	1.410.116	75.250	5,6
Rekstrartekjur	57.940	59.966	2.025	3,5
Framlag úr ríkissjóði	1.190.282	1.249.123	58.841	4,9
Viðskiptahreyfingar	86.645	101.028	14.384	16,6
Samtals fjármögnun	1.334.867	1.410.116	75.250	5,6

¹ Án verðlagshækkana

² Aðrir liðir utan ramma: ríkisábyrgðir, lífeyrisskuldbindingar, Atvinnuleysistryggingasjóður og framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.




Rammasett útgjöld eftir tilefnum

Breytingar frá fjárlögum 2023 til frumvarps til fjárlaga 2024

35,2 ma.kr.

Breyting án launa- og verðlagsbóta






Aðhaldsaðgerðir:

Dregið úr vexti frumgjalda og fjárfestingum frestað

17 ma.kr.

Aðhaldsráðstafanir
í frumvarpinu


- **Framlínustörf varin** – engin eða lægri aðhaldskrafa á launalið heilbrigðis- og öldrunarstofnana, skóla, dómstóla, löggæslu og fangelsi
- Áhersla á **bætta nýtingu** í opinberum innkaupum, aukna stafvæðingu, lækkun ferðakostnaðar, samrekstur o.fl.
- **Dregið úr umfangi** nýrra verkefna
- **Frestun** framkvæmdaverkefna





Samsetning aðhaldsaðgerða

Sundurliðun aðgerða	ma.kr.
Ákvarðanir úr fjármálaáætlun	8,4
Almenn aðhaldskrafa	4,6
Ýmsar eldri ákvarðanir, s.s. aðgerðir gegn þenslu og verðbólgu	3,8
Viðbótaraðhald	8,6
Aðhald á launalið	2,5
Aðhald á önnur gjöld og lækkun ferðakostnaðar	1,7
Lækkun á nýjum verkefnum, útgjaldasvigrúmi og ákvörðun ráðuneyta	3,0
Frestun framkvæmda	1,4
Samtals	17,0





Frestun fjárfestinga: Yfirlit

Frestun framkvæmda - yfirlit	ma.kr.
Höfuðstöðvar viðbragðsaðila á höfuðborgarsvæðinu	3,0
Endurbætur og viðbygging við Sjúkrahúsið á Selfossi	0,7
Ný legudeild við Sjúkrahúsið á Akureyri	0,6
Viðbygging Stjórnarráðshússins	0,6
Samtals	4,9




Breytingar frá fjárlögum 2023 eftir málefnasviðum

| Stjórnarráð Íslands
Fjármála- og efnahagsráðuneytið



Skipting rammasettra útgjalda eftir málefnasviðum


án launa-, gengis- og verðlagsbreytinga





Breytingar á rammasettum útgjöldum

- frá fjárlögum 2023



*Til annarra málefnasviða heyrja málefnasvið 1-4, 6, 8, 10, 12-14, 16, 34-35

** Málaflokkar 32.20 og 32.40 heyrja undir félags-, húsnæðis- og tryggingamál. Málaflokkar 32.10 og 32.30 heyrja undir heilbrigðismál



Innviðir og grunnþjónusta áfram styrkt


Nokkur dæmi um aukin framlög til verkefna og þjónustu:

- 10,5 ma.kr. aukning til byggingar nýs Landspítala
- Heilbrigðismál: Rekstur nýrra hjúkrunarrýma, samningar við sérgreinalækna, lækkun greiðsluþátttöku sjúklinga, styrking sjúkrasviða heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni
- 7,7 ma.kr. vegna fjölgunar umsækjenda um alþjóðlega vernd og flóttafólks
- 5,7 ma.kr. til fjölgunar íbúða í byggingu með stuðningi ríkisins
- 7,5 ma.kr. til að stuðla að orkuskiptum – færast af tekjuhlið
- Um 3 ma.kr. hækkun til vegaframkvæmda
- Rannsókn- og Tækniþróunarsjóður: framlög úr fjárfestingarátaki að stórum hluta gerð varanleg
- Efling háskólastigsins



Útgjöld vegna atvinnuleysisbóta

Hvert prósentustig atvinnuleysis kostar ríkissjóð um 8,5 ma.kr.




* Að teknu tilliti til hlutabótaleiðar árin 2020 og 2021
Gögn: Ríkisreikningur 2019-2022, fjárlög 2023, frumvarp til fjárlaga 2024.



Útgjöld til vegaf framkvæmda aukin

Um 3 ma.kr. varanleg aukning til vegaf framkvæmda




Gögn: Ríkisreikningur 2005-2022, fjárlög 2023, frumvarp til fjárlaga 2024



Umsækjendur um alþjóðlega vernd og flóttafólk

Gert ráð fyrir áþekktum útgjöldum milli ára



Breytingar á fjárveitingum milli ára

	m.kr
Fæði og húsnæði	4.375
Endurgr. skv. 15. gr. laga um félagsþjón. sv.fél.	1.850
Samningar um samræmda móttöku flóttafólks	550
Fjölgun starfa hjá VMST og ÚTL	434
Móttökumiðstöð vegna heilbrigðissskoðunar	400
Íslenskunámskeið fyrir flóttafólk	120
Samtals hækkun*	7.729


*Frá dregst aðhaldskrafa



Húsnæðistuðningur aukinn verulega

Stofnframlög til uppbyggingar almenna íbúðakerfisins aukin um 5,7 ma.kr.

Stofnframlög m.kr. á verðlagi 2023



Gögn: ríkisreikningur 2019-2022, fjárlög 2023, frumvarp til fjárlaga 2024

Annar húsnæðisstuðningur 2024:

- Hlutdeildarlán: 3 ma.kr. lánaheimild
- Húsnæðisbætur: 9 ma.kr. fjárveiting
- Vaxtabætur: 2,8 ma.kr. fjárveiting


Skattstyrkir á tekjuhlið:

- Skattfrjáls ráðstöfun (Fyrsta eign)
- Afsláttur á fjármagnstekjuskatt vegna leigutekna
- 50% afsláttur á stimpilgjaldi vegna fyrstu kaupa
- Endurgreiðslur VSK til byggjenda íbúðarhúsnæðis



Bygging Nýja Landspítalans

Uppsafnaðar ónýttar fjárheimildir námu um 15,8 ma.kr. í árslok 2022





Almennur varasjóður A1-hluta

- **Hlutverk:** Skal að lágmarki nema 1% af fjárheimild fjárlaga og skal nýttur til að bregðast við tímabundnum, ófyrirsjáanlegum, óhjákvæmilegum útgjöldum sem ekki er hægt að bregðast við með öðrum hætti. Honum er einkum ætlað að mæta frávikum í launa-, gengis- og verðlagsforsendum fjárlaga og meiri háttar ófyrirséðum og óhjákvæmilegum útgjöldum
- **Skilyrði:** Uppfylla þarf ströng skilyrði fyrir millifærslu innan ársins
- **Ónýttar heimildir:** Falla niður í árslok



Almennur varasjóður A1-hluta

- Líkt og í gildandi fjárlögum þá er sá hluti launabreytinga fjárlagafrumvarpsins sem er vegna reiknaðra launahækkana komandi fjárlagaárs allur lagður inn á almenna varasjóðinn í stað þess að dreifast niður á málefnasvið og málaflokka.
- Gert er ráð fyrir aukinni fjárheimild til að styrkja sjóðinn frekar við að sinna hlutverki sínu við að mæta ófyrirséðum og óhjákvæmilegum útgjöldum á næsta ári. Talsverð óvissa er fyrir hendi fyrir komandi fjárlagaár s.s. hvað varðar fjölda umsækjenda um alþjóðlega vernd og niðurstöðu kjarasamninga. Í ljósi aðstæðna þykir rétt að svigrúm varasjóðsins sé nægjanlegt til að geta mætt slíkum óvissuþáttum án þess að raska afkomu- og skuldamarkmiðum ríkissjóðs.
- Ekki er gert ráð fyrir einstaka útgjaldamálum sem eftir á að dreifa málefnasvið á varasjóði.



Áhrif á jafnrétti kynjanna

- Áhrif ráðstafna í frumvarpinu á jafnrétti voru metin, bæði á **tekju- og gjaldahlið**.
- Áhersla lögð á að meta áhrif af **nýjum verkefnum** eða öðrum ákvörðunum ríkistjórnar.
- Lagt mat á hvort ráðstafanir séu líklegar til að **stuðla að jafnrétti, viðhalda óbreyttu ástandi** eða **auka kynjabil/kynjamisrétti**.
- Niðurstaða jafnréttismats liggur fyrir í meirihluta útgjaldaráðstafna. Lang flestar þeirra eru taldar **stuðla að jafnrétti** kynjanna eða **viðhalda óbreyttu ástandi**. Lítil hluti ráðstafana er talinn líklegur til að **auka kynjabil**.



Skuldbindandi samningar og styrktarsamningar

Heildarumfang:


216.9 ma.kr.

Rekstrar- og þjónustusamningar:

- 183,1 ma.kr.
- 137 samningar

Styrktar- og samstarfssamningar:

- 33,9 ma.kr.
- 234 samningar





Launa- og verðlagsbreytingar (1/3)

Bætur almannatrygginga og atvinnuleysisbætur

- Bætur almannatrygginga hækka um 4,9% til samræmis við verðbólguþá fyrir næsta ár. Kemur sú hækking til viðbótar við 2,5% frá því í júní og hafa bæturnar því alls hækkað um 7,5% á milli fjárlaga.
- Atvinnuleysisbætur hækka um 4,9% til samræmis við verðbólguþá.

Hækkun fjárheimilda vegna launahækkana er tvíþætt

- Endurmat launaforsendna 2023 og mat á áhrifum þeirra á ársgrundvelli.
- Í ljósi þess að ekki liggja fyrir kjarasamningshækkunar á næsta ári þá er þess í stað gert ráð fyrir fjárheimild fyrir launabætur á almennum varasjóði á málefnasviði 34 með hliðsjón af þróun verðbólgu á næsta ári.



Launa- og verðlagsbreytingar (2/3)

Almennar verðlagsforsendur

- Leiðrétt fyrir vanmati á verðbólgu í fjárlögum yfirstandandi árs til framtíðar í talnagrunni frumvarpsins þannig að verðlagshækkun nemur 8,0% í stað 4,9%.


Gengisforsendur

- Gengisforsendur miðast við meðalgengi júnímánaðar 2023. Veiking krónunnar felur í sér hækkun fjárheimilda sem nemur 2,4 ma.kr. sem hefur einkum áhrif í lyfjakostnaði og rekstur sendiráða.



Launa- og verðlagsbreytingar (3/3)


Breyting á fjárheimildum vegna launa-, verðlags-, bóta- og gengisforsenda





Breytingar frá fjármálaáætlun

- fjármálaáætlun 2024-2028



Breyting í m.kr.
án launa- og verðlagshækkana

*Til annarra málefnasviða heyrna málefnasvið 1-4, 6, 8, 10, 12-14, 16, 34-35

** Málaflokkar 32.20 og 32.40 heyrna undir félags-, húsnæðis- og tryggingamál. Málaflokkar 32.10 og 32.30 heyrna undir heilbrigðismál



Heildarútgjöld 2024 – hagræn skipting*

- breytingar frá fjárlögum ársins 2023

Þjóðhagsgrunnur	ma.kr.		br.	% af VLF		
	Fjárlög 2023	Frv. 2024		Fjárlög 2023	Frv. 2024	br.
Heildargjöld	1.267,5	1.394,8	127,3	32,0%	30,8%	-1,3%
Rekstrarútgjöld	1.241,4	1.367,8	126,3	31,4%	30,2%	-1,2%
Laun	283,9	310,8	26,9	7,2%	6,9%	-0,3%
Kaup á vöru og þjónustu	205,0	225,6	20,6	5,2%	5,0%	-0,2%
Afskriftir	59,5	68,2	8,7	1,5%	1,5%	0,0%
Vaxtagjöld	94,7	110,7	16,0	2,4%	2,4%	0,1%
Framleiðslustyrkir	62,9	70,3	7,4	1,6%	1,6%	0,0%
Fjárframlög	438,2	473,8	35,5	11,1%	10,5%	-0,6%
Félagslegar tilfærslur til heimila	27,3	29,4	2,1	0,7%	0,6%	0,0%
Tilfærsluútgjöld önnur en fjárframlög	69,9	79,0	9,1	1,8%	1,7%	0,0%
Fastafjárútgjöld	26,1	27,0	1,0	0,7%	0,6%	-0,1%
Fjárfesting í efnislegum eignum	85,6	95,3	9,7	2,2%	2,1%	-0,1%
Afskriftir (-)	-59,5	-68,2	-8,7	-1,5%	-1,5%	0,0%


* skv. GFS staðli – sjá nánar um mun á milli IPSAS reikningsskilastaðalsins og GFS hagskýrslustaðalsins í viðauka fjárlagafrumvarspins



Efnahagur, lánsfjármál og fjárhagsáhættur




Lánsfjárjöfnuður ársins 2024 hefur batnað jafnt og þétt á milli áætlana






Fjárbörf ársins 2024 lækkar lítillega frá útgáfu fjármálaáætlunar





Skuldahlutfall ríkissjóðs breytist lítið frá gildandi fjármálaáætlun




- Nafnvirði VLF hækkar um 2% frá gildandi fjármálaáætlun.
- Innstæður í krónum áætlaðar um 80 ma.kr. í árslok 2024 í stað 40 ma.kr. í fjármálaáætlun.
- Gjaldþagi RIKB 24 í apríl 2024.
- Tveir gjaldþagar árið 2026, RIKB 26 og RIKS 26.



Afgangur af frumjöfnuði og hagvöxtur skýrir lækkun skulda árið 2024


Framlag liða til breytinga í skuldahlutfalli ríkissjóðs milli ára, í VLF prósentustigum






Verðbætur áætlaðar tæplega þriðjungur vaxtagjalda ríkissjóðs árið 2024

Vaxtagjöld ríkissjóðs samtals: 110,7 ma.kr.






Vaxtagjöld ríkissjóðs ná jafnvægi undir 2% af VLF, hvaðni verðbólga í átt að markmiði






Ísland sker sig úr í vaxtagjöldum hins opinbera á hverja einingu skulda

Vaxtagjöld og virkir vextir hjá hinu opinbera í ýmsum Evrópulöndum






Vaxtatekjur aukast einnig í verðbólgu





Brött hækkun ávöxtunarkröfu á ríkisbréf undanfarna mánuði og ár

Ávöxtunarkrafa í skuldabréfaútboðum ríkissjóðs



- RIKB 17 0206 ● RIKB 20 0205 ● RIKB 25 0612 ● RIKB 31 0124 ● RIKS 33 0321 ● RIKB 10 0317 ● RIKB 10 1210 ● RIKB 11 0722 ● RIKB 12 0824
- RIKB 13 0517 ● RIKB 14 0314 ● RIKB 15 0408 ● RIKB 16 1013 ● RIKB 19 0226 ● RIKB 22 1026 ● RIKS 21 0414 ● RIKS 30 0701 ● RIKB 28 1115
- RIKS 26 0216 ● RIKB 21 0805 ● RIKB 23 0515 ● RIKB 24 0415 ● RIKS 37 0115 ● RIKB 42 0217 ● RIKB 26 1015 ▲ EUR-útgáfa ▲ USD-útgáfa



Eftirspurn í útboðum ríkisbréfa hefur dregist saman


Heildarfjárhæð tilboða í útboðum ríkisskuldabréfa






Útistandandi ríkisvixlar hækkuðu hratt á fyrri hluta ársins 2023

Ríkisvixlar og innstæður ríkissjóðs





Hluti skuldsetningar ríkissjóðs er og verður vegna veittra lána til lánasjóða





Húsnæðisstuðningur 2024 – aukin áform

- Húsnæðisstuðningur stjórnvalda 2023 dugði til að fjármagna 530 íbúðir skv. HMS.
- Markmið í fjárlögum 2024 að húsnæðisstuðningur fjármagni 1.000 íbúðir.
- Stofnframlög aukin úr 1,7 ma.kr. 2023 í 7,4 ma.kr. 2024.
- Lánsfjárheimildir eru 20 ma.kr. þar af 3 ma.kr. hlutdeildarlán – sama og 2023.
 - Gert ráð fyrir að lánsfjárpörfin verði endurmetin í annarri umræðu.
- Aukin útlán Húsnæðissjóðs auka áhættu ríkissjóðs og hækka lántökupörf sem setur þrýsting á fjármögnunarkjör.




Ríkisábyrgðir

Halda áfram að lækka – ekki gert ráð fyrir nýjum ábyrgðum

Eftirstöðvar ríkisábyrgða	2020	May-23	af heild	Ný flokkun	
				May-23	af heild
ÍL-sjóður	731,917	720,749	87%	0	0%
Landsvirkjun hf.	64,035	22,305	3%	22,305	73%
Lánasjóður Íslenskra námsmanna	57,645	59,693	7%	0	0%
Byggðastofnun	11,510	10,066	1%	0	0%
Viðbótar- og stuðningslán	10,364	7,222	1%	7,222	24%
Icelandair hf.	13,739	0	0%	0	0%
RÚV ohf.	3,127	3,643	0%	0	0%
Annað	4,992	1,068	0%	1,068	3%
Samtals	897,329	824,746	100%	30,595	100%



Ófjármagnaðar lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs héldu áfram að hækka á árinu 2022



- 96% lífeyrisskuldbindinga ríkissjóðs eru hjá LSRB.
- Þær hafa hækkað undanfarin ár vegna launahækkana, hækkandi lífaldurs sjóðsfélaga, verðbólgu o.fl.
- Árið 2022 var ávöxtun neikvæð á sama tíma og laun hækkuðu.



Heimildir ráðherra

20. september 2023



6. gr. fjárlaga

Nýjar og breyttar heimildir frá
fyrra ári

Stjórnarráð Íslands
Fjármála- og efnahagsráðuneytið



6. gr. fjárlaga

Heimildaákvæði

Í 40. gr. stjórnarskrár Íslands kemur fram að ekki megi selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum ríkisins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt lagaheimild.

Í 46. gr. laga um opinber fjármál kemur einnig fram að afla skuli heimilda í lögum til að kaupa, selja, skipta eða leigja til langs tíma fasteignir, skip og flugvélar, söfn og safnhluta sem hafa að geyma menningarverðmæti, eignarhluti ríkisins í félögum og aðrar eignir sem verðgildi hafa.

Lagaheimildir til þessara ráðstafana hafa venju samkvæmt verið veittar í 6. gr. fjárlaga að undangengnu samráði við þá ríkisaðila sem bera ábyrgð á þeim málaflokkum sem um ræðir.



Sala fasteigna

- 2.35 Að taka við eignarhlut í Lágmúla 9 í Reykjavík vegna yfirfærslu verkefna frá innheimtustofnun sveitarfélaga til sýslumanns og selja eða leigja eignina sé ekki talin þörf á henni undir starfsemi ríkisins.
- 2.36 Að selja eignarhlut ríkisins í Skólabæ við Suðurgötu 26 í Reykjavík þrátt fyrir þinglýstar kvaðir um eignin skuli vera ævarandi eign Háskóla Íslands og ráðstafa söluandvirðinu í þágu kennslu og rannsókna við Háskóla Íslands.
- 2.37 Að selja eignarhlut ríkisins í Bárugötu 3 í Reykjavík þrátt fyrir þinglýstar kvaðir um að Vísindasjóði sé ekki heimilt að selja eða gefa eignina og ráðstafa söluandvirðinu í þágu rannsókna og nýsköpunar á vegum Rannís.
- 2.38 Að selja eða leigja Grensásveg 9, Reykjavík.
- 2.39 Að selja húsnæði á vegum Skógræktar og Landgræðslu og kaupa eða leigja annað hentugra húsnæði í tengslum við endurskipulagningu starfseminnar.



Ráðstöfun lóða, spildna og jarða

- 3.12 Að heimila Jarðasjóði að kaupa jarðir eða jarðahluta vegna náttúruverndar, *menningsarminja*, útivistar eða annarrar hagnýtingar sem þjónar almannahagsmunum.
- 3.24 Að heimila Jarðasjóði að selja eða leigja jörðina Kollafoss í Húnaþingi vestra.
- 3.25 Að heimila Jarðasjóði að selja eða leigja fasteignir á Grænanesi í Fjarðabyggð.
- 3.26 Að heimila Jarðasjóði að selja jörðina Háls og Saurbæ í Eyjafjarðarsveit.
- 3.27 Að heimila Jarðasjóði að selja eða leigja jarðirnar Flatey 1, Flatey 2 og 3, Eskey og Odda í Sveitarfélaginu Hornafirði.
- 3.28 Að heimila Jarðasjóði að selja eða leigja fasteignir á Syðri-Steinsmýri 1 í Skaftárhreppi.
- 3.29 Að heimila Jarðasjóði að selja eða leigja fasteignir á Stakkahlíð í Múlaþingi.



Kaup og leiga fasteigna

- 4.27 Að taka við eignarhaldi á Sæmundargötu 11 og leigja undir áframhaldandi starfsemi.

Samningar um framkvæmdir, rekstur og afmörkuð verkefni.

- 6.4 Að ákveða að gengið verði á grundvelli útboðs til samninga um stærri hugbúnaðarkerfi eða *skýjaumhverfi* fyrir ríkisaðila til allt að tíu ára.



Ýmsar heimildir

- 7.5 Að ganga til samninga við Vesturbyggð um ráðstöfun á Bíldudalsskóla vegna áformaðra framkvæmda við ofanflóðavarnir á svæðinu samræmi við ákvörðun stjórnar sjóðsins.
- 7.7 Að færa innra leiguverð fasteigna sem færðar verða í umsjón Framkvæmdasýslu – Ríkiseigna nær leiguverði sambærilegra eigna á sama markaðssvæði og eftir atvikum að undirbúa breytingar á fjárheimildum vegna þessa. *Jafnframt að hækka leiguverð fasteigna í umsjón stofnunarinnar í samræmi við kostnað vegna endurbóta á einstökum eignum.*
- 7.19 Að heimila Kríu, sem er sprota- og nýsköpunarsjóður í eigu ríkisins, að fjárfesta fyrir allt að 2.940 m.kr. í samræmi við fjárfestingaráætlun sjóðsins og að greiða allt að 806 m.kr. af áætluðum 8.300 m.kr. heildarfjárfestingum hans. Jafnframt að ákveða að gengisáhætta Kríu vegna fjárfestingaloforða í erlendri mynt verði hjá ríkissjóði



Ýmsar heimildir

- 7.27 Að kaupa og selja fasteignir milli eignasafna ríkisins sem falla undir A-hluta með láni eða stofnfé enda hafi það ekki áhrif á samstæðu A-hluta ríkissjóðs.
- 7.29 Að ganga til samninga um skipti á eignum í tengslum við slit á ÍL-sjóði á grundvelli sérlega um skuldaskil og slit á sjóðnum ásamt að gera upp fyrirbyggjandi ríkisábyrgð á skuldum ÍL-sjóðs.
- 7.30 Að undirgangast skuldbindingar f.h. ríkissjóðs vegna útboðs á Ölfusárbrú gegn því að sérstök gjaldtaka fyrir akstur um hana standi undir kostnaði.



Stjórnarráð Íslands
Fjármála- og efnahagsráðuneytið

